

- a. stofnkostnað við varmaveituna
- b. rekstrarkostnað við varmaveituna
- c. heildarrúmmetrafjölda oliukyns íbúðarhúsnæðis sem tengist varmaveitunni
- d. hlutfall orkunotkunar íbúðarhúsnæðis skv. c-lið af heildarnotkun orku frá varmaveitunni
- e. fjölda greiddra oliustyrkja vegna íbúa húsnæðis skv. c-lið á fyrsta ársfjórðungi umsóknarárs.

8. gr.

Helmingur framlags skv. 1. gr. greiðist á því ári, sem framkvæmdir hefjast, en þó ekki fyrir 1. apríl árið eftir að sótt er um framlagið. Síðari helmingur greiðist ári síðar.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 15. gr. laga nr. 53/1980 um jöfnun og lækun hitunarkostnaðar, og öðlast hún þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Um þá aðila sem reka varmaveitur við gildistöku reglugerðar þessarar gilda ákvæði 1. gr. Umsóknarfrestur er til 1. nóvember 1980.

Sami frestur gildir um aðila skv. 1. gr. sem hyggjast hefja framkvæmdir á árinu 1981.

Iðnaðarráðuneytið, 1. október 1980,

Hjörleifur Guttormsson.

Páll Flygenring.

REGLUGERÐ

um bensíngjald.

1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensíngjald — af bensíni er fellur undir tollskrárnúmer 27.10.19. Gjald þetta skal frá og með 9. október 1980 nema kr. 112.47 af hverjum lítra.

2. gr.

Gjald skv. 1. gr. tekur einnig til bensínbirgða sem til eru í landinu 9. október 1980. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda.

Gjaldið skal greiða hvort heldur bensínið er í vörslu eigenda sjálfs eða ekki.

Hafi gjald skv. 1. gr. reglugerðar nr. 310A/1980 verið greitt af birgðum, sem til eru þann 9. október 1980 skal greiða kr. 12.63 af hverjum lítra slíkra birgða sem til eru umfram 300 lítra hjá hverjum eiganda.

Hver sá er á eða hefur til umráða yfir 300 lítrum af bensíni eða meira þann 9. október 1980 skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Eigandi eða umráðamaður skal skyldur til að aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður getur krafist upplýsinga frá bensíninnflytjendum og bensín-sölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna er fram fór fyrir 9. október 1980.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. og 5. mgr. laga nr. 79 6. september 1974 um fjáröflun til vegagerðar sbr. lög nr. 78 31. desember 1977 um breyting á þeim lögum, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur reglugerð nr. 310A/1980 úr gildi.

Fjármálaráðuneytið, 8. október 1980.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Lárus Ögmundsson.